

Ríkiskaup  
b.t. Halldórs Ó. Sigurðssonar, forstjóra Ríkiskaupa  
Borgartúni 7c,  
105 Reykjavík



Reykjavík 14. maí 2020

## **Efni: Krafa um endurskoðun á rammamningi Ríkiskaupa um umhverfis-, skipulags- og byggingarmál**

Nýr samningur Ríkiskaupa vegna umhverfis-, skipulags- og byggingarmála tók gildi 20. nóvember 2018 og var gildistími eitt ár, með möguleika á framlengingu um eitt ár þrisvar sinnum. Svo virðist sem umrædd auglýsing hafi að mestu farið framhjá nánast allri stéttinni þar sem aðeins sex arkitektastofur skiluðu inn gögnum. Mikil óánægja ríkti vegna þessa með samninginn, eins og Ríkiskaupum hefði mátt vera ljóst út frá fjölda ábendinga þar um. Þann 20. nóvember 2019 var þrátt fyrir það tekin ákvörðun um að framlengja umræddan samning til eins árs. Í ljósi þeirra fordæmalausis tíma sem nú eru uppi vill stjórn Samtaka arkitektastofa (hér eftir „SAMARK“ eða „samtökin“), fyrir hönd sinna félagsmanna, koma framangreindri óánægju skýrt á framfæri við Ríkiskaup og óska eftir afstöðu Ríkiskaupa til málsins. Þá vilja samtökin benda á að á þessum tímum kann endurskoðun á umræddum samningi að ráða úrslitum varðandi rekstrarforsendur margra arkitektastofa hér á landi.

Ljóst er að það mun taka langan tíma fyrir markaðinn að komast í fyrra horf en boðaðar flýtiaðgerðir ríkis og sveitarfélaga er ætlað að koma m.a. starfsemi arkitekta í ákveðið skjól. Það markmið verður ekki auðsótt ef aðeins sex aðilar fá að taka þátt í verkefnum sem falla undir rammamninginn. Afstaða samtakanna er að nauðsynlegt sé að gera breytingar á tilhögun samnings. Það er að mati samtakanna óásættanlegt fyrir bæði verkkaupa og greinina að einungis örfá fyrirtæki sitji um öll þau verkefni sem nú á að fara af stað með og koma til með að falla undir rammamninginn.

Byggingar- og mannvirkjagerð hefur dregið verulega úr umsvifum sínum á síðasta ári og núverandi ástand bætti því aðeins gráu ofan á svart. Má þar t.d. nefna að búið er að fresta eða hætta alfarið við verkefni sem átti að fara í m.a. á vegum ferðaþjónustunnar. Þá hefur einnig íbúðaruppbygging dregist verulega saman en nýleg talning á vegum Samtaka iðnaðarins leiddi í ljós 42% samdrátt á íbúðum í byggingu á fyrstu byggingarstigum milli ára. Íbúðum á fyrstu byggingarstigum fækkaði um ríflega 1.000 íbúðir frá sama tíma í fyrra sem er ríflega helmingss fækkun frá fyrri spám. Viðlíka samdráttur hefur ekki sést síðan árið 2011.

Það er því ljóst að það voru fá ný verkefni að fara af stað áður en Covid-19 faraldurinn skall á og hefur að ástandið nú versnað til muna. Hins vegar er fyrirsjáanlegt, vegna yfirlýstra aðgerða stjórnvalda og sveitarfélaga, að á næstunni verði farið í fjöldan allan af útboðum vegna byggingu nýrra mannvirkja sem og viðhaldsverkefna á vegum opinberra aðila. Verkefni á vegum ríkis og sveitarfélaga munu því reynast lífsnauðsynleg fyrir margar arkitektastofur og þar af leiðandi er nú nauðsynlegt að endurskoða umræddan rammamning Ríkiskaupa hvað

varðar störf arkitekta. Þannig myndi Ríkiskaupa taka þátt í að auka samkeppni sem og að styðja við bakið á greininni á þessum fordæmalausum tímum.

Í ljósi þeirrar fákeppni sem ríkir innan rammasamningsins efast samtökin um að núverandi staða sé góð fyrir verkkaupa enda tilgangur rammasamnings að tryggja hagstæð verð. Samtökin óska því eftir afstöðu Ríkiskaupa til þessa máls og hvernig stofnunin hyggst bregðast við. Farið er fram á að Ríkiskaup tryggi aðgang fleiri arkitektastofa að samningnum og gæti þannig að virkri samkeppni á markaði. Samtökin telja brýnt að ráðist sé í aðgerðir strax, ýmist með tímabundnum úrræðum eða með heildarendurskoðun á þeim hluta samnings er varða störf arkitekta.

Með von um skjót svör,

Samtök arkitektastofa